

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 41/2002

frá 19. apríl 2002

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2002 frá 1. febrúar 2002⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/368/EB frá 18. maí 1998 um aðlögun, skv. 3. mgr. 42. gr., á II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2408/98 frá 6. nóvember 1998 um breytingu á V. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/816/EB frá 24. nóvember 1999 um aðlögun, skv. 1. mgr. 16. gr. og 3. mgr. 42. gr., á II., III., IV. og V. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 88, 4.4.2002, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 4.4.2002, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 165, 10.6.1998, bls. 20.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 298, 7.11.1998, bls. 19.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 316, 10.12.1999, bls. 45.

1. gr

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 32c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93) í XX. viðauka við samninginn:

- „- **398 D 0368**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/368/EB frá 18. maí 1998 (Stjtið. EB L 165, 10.6.1998, bls. 20),
- **398 R 2408**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2408/98 frá 6. nóvember 1998 (Stjtið. EB L 298, 7.11.1998, bls. 19),
- **399 D 0816**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/816/EB frá 24. nóvember 1999 (Stjtið. EB L 316, 10.12.1999, bls. 45).“

2. gr.

Texti ákvarðana 98/368/EB og 1999/816/EB og reglugerðar (EB) nr. 2408/98 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. apríl 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. apríl 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

P.K. Mannes M. Brinkmann